



## Sýslumenn

Sýslumaðurinn á  
höfuðborgarsvæðinu

Kópavogi, 27. maí 2024

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997 - Þingskjal 1370 – 925. mál.

Af hálfu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er þess óskað að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997 (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), 925. mál. Munu þau ákvæði breytingarfrumvarpsins sem óskað er eftir að gera efnislegar athugasemdir við tilgreind sérstaklega hér á eftir og í framhaldinu gerð grein fyrir sjónarmiðum embættisins.

#### 9. gr.

Í umræddu ákvæði er lagt til að fella orðin „ráðuneytinu og“ brott í 1.másl. 4. mgr. 16. gr. Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við þá breytingu, en hins vegar skal á það bent að í umræddu lagaákvæði kemur fram að ef úrskurði er breytt í Landsrétti eða Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.– 6. mgr. 14. gr. laganna gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um. Af efni ákvæðisins má þannig ráða að sé úrskurði héraðsdóms breytt í Landsrétti eða Hæstarétti er það eftir sem áður hlutverk héraðsdóms að senda endurrit til yfirlögráðanda í samræmi við ákvæði 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga. Á það við óháð því á hvorn veg niðurstöðu er breytt. Sú framkvæmd er og hefur ekki verið viðhöfð af hálfu héraðsdóms og þykir ljóst að nauðsynlegt er að breyta umræddri lagagrein á þann veg að umræddir úrskurðir verði sendir til yfirlögráðanda beint og milliliðalaust af hálfu þess dómstóls sem veitti úrlausn í málinu.

#### 12. gr.

Af hálfu sýslumanns er gerð athugasemd við orðalag breytingarákvæðisins „sveitarfélag þar sem varnaraðili hefur fasta búsetu“. Í fyrsta lagi er ljóst að sú staða getur verið uppi að um ferðamann sé að ræða sem ekki hefur haft viðkomu á hóteli eða öðrum stað hér á landi fyrir innlögn á sjúkrahús. Það getur m.ö.o. verið um að ræða ferðamann sem komið er undir læknishendur þegar við komu til landsins og einstaklingur fer þar af leiðandi beint af flugvelli og á sjúkrahús. Í slíkum tilvikum er einstaklingurinn eðli málsins samkvæmt ekki með fasta búsetu í tilteknu sveitarfélagi hér á landi. Í öðru lagi hefur þeim málum fjölgað undanfarið, þar sem óþarfa tíma og vinnu fulltrúa sýslumanns hefur verið eytt í að leysa úr og ganga úr skugga um það



hvar dvalarstaður þess einstaklings sem beiðst er að vistaður verði á sjúkrahúsi er. Eru dæmi þess að sveitarfélag þar sem einstaklingurinn er skráður til lögheimilis leggi fram beiðni um nauðungarvistun, en í læknisvottorði er tilgreint að einstaklingurinn hafi dvalist á tilteknu heimilisfangi í öðru sveitarfélagi í tiltekinn fjölda mánaða. Þá hafa jafnframt komið upp tilvik þar sem aðstæðum er öfugt farið. **Af hálfu sýslumanns er lögð áhersla á, að til þess að taka af allan vafa og á sama tíma að tryggja skilvirka og skýra málsmeðferð, þykir mikilvægt að lagaákvæðinu verði breytt á þann veg að skráð lögheimili einstaklingsins í Þjóðskrá hér á landi verði lagt til grundvallar, en sé um einstakling að ræða sem ekki er með skráð lögheimili hér á landi, skuli miða við það sveitarfélag sem „einstaklingurinn er staddur í“.** Til stuðnings umræddu orðalagi er áréttað mikilvægi þess að fulltrúar embættisins, sem hafa með höndum það verkefni að taka ákvarðanir um nauðungarvistanir, nýti þann tíma sem þeir hafa til þess að afgreiða beiðni um nauðungarvistun til þess að leggja mat á þau gögn málsins sem mesta þýðingu hafa og þau atriði sem mestu máli skipta og hafi til þess fullnægjandi tíma, enda er umfjöllunarefnið frelsissvipting einstaklings, sem er alvarlegt inngrip í líf hvernar manneskju.

Af hálfu sýslumanns er hins vegar lögð áhersla á mikilvægi þess að enn frekari breyting verði gerð á umræddu lagaákvæði. Þykja veigamikil rök fyrir því að ekki sé þörf á milligöngu sveitarfélaga landsins til þess að leggja fram beiðni um nauðungarvistun. Slík framkvæmd felur í sér sóun á tíma, fjármagni og vinnustundum. Sveitarfélög leggja ekki sjálfstætt mat á aðstæður þess einstaklings sem um ræðir heldur fylla eingöngu út viðeigandi eyðublað og undirrita, að beiðni og fyrir tilstuðlan starfsmanns sjúkrahússins. Eðli málsins samkvæmt er læknisvottorðið sem fylgir beiðninni og sent er til sveitarfélagsins af hálfu sjúkrahússins, það gagn sem mesta þýðingu hefur og efni þess grundvallar niðurstöðu sýslumanns. Í ljósi þeirra viðkvæmu persónulegu upplýsinga sem liggja til grundvallar í málum af þessu tagi, sem og alvarleika umfjöllunarefnisins þykja ekki rök standa til þess að beiðandi nauðungarvistunarinnar sé önnur stofnun, sem hefur ekki annað hlutverk en að skrá upplýsingar sem þegar liggja fyrir.

Er í því samhengi lögð áhersla á að um flýtimeðferðarmál er að ræða og sú framkvæmd að starfsmenn sjúkrahússins þurfi að óska eftir aðkomu sveitarfélagsins tekur tíma og getur tekið óþarflega langan tíma, án þess að augljós rök standi til þess að slíkt fyrirkomulag sé gagnlegt. Væri unnt að rekja fjölda tilvika sem upp hafa komið í gegnum árin þar sem beiðni um nauðungarvistun hefur borist sýslumanni þegar afar skammur tími er eftir af 72 klst. vistun sjúklingsins og sú töf hefur átt rætur að rekja til anna hjá sveitarfélaginu, þekkingarleysi starfsmanna á bakvakt hjá sveitarfélaginu á eðli málaflokksins og þeirri málsmeðferð sem fram fer eða hreinlega skort á bakvakt starfsmanna sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að erindi um nauðungarvistun njóti fullkomins forgangs hjá starfsmönnum sýslumanns, er sú hættu fyrir hendi að ekki veitist ráðrúm til að ljúka meðferð erindis áður en 72 klst. vistun rennur út. Getur þar líf og heilsa sjúklings verið í hættu. Þá er ótalinn sá kostnaður sem slíkri framkvæmd fylgir, jafnt við vinnu starfsmanna sveitarfélaga á dagvinnutíma sem og um helgar og á frídögum, þegar þörf er á bakvöktum til þess að sinna málaflokknum. **Í ljósi reynslunnar er það mat sýslumanns að farsælasta og skilvirkasta leiðin er sú að óháður læknir, sem ekki er meðferðaraðili sjúklingsins, leggi fram beiðni, ásamt**



meðfylgjandi læknisvottorði, beint og milliliðalaust hjá sýslumanni. Sú framkvæmd sparar bæði tíma, fjármuni og leiðir ekki síst til öruggari og skilvirkari afgreiðslu erinda í þessum viðkvæma málaflokki.

#### 16. gr.

Af hálfu sýslumanns þykir mikilvægt að orðalag 3. mgr. 30. gr. lögræðislaga verði gert skýrt, en þar er kveðið á um varnarþing í kærumálum vegna nauðungarvistunar eða þvingaðrar lyfjagjafar eða meðferðar og segir þar: *Krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og beint til viðkomandi dómstóls.* Er hér um mjög óljóst orðalag að ræða og mikilvægt að kveðið sé skýrt á um það að kærur af þessu tagi skuli beint til dómstóls í þeirri þinghá sem viðkomandi einstaklingur á lögheimili í eða er staddur í ef einstaklingurinn á ekki lögheimili hér á landi, í samræmi við athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins, sem gerð er grein fyrir hér að framan.

#### 29. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þær breytingar sem tilgreindar eru í a - c lið ákvæðisins. Að því er d-lið varðar sem kveður á um að hámarkstími skipunar lögráðamanns skuli bundinn við fimm ár, hafi einstaklingur verið sviptur til lengri tíma en fimm ára, á þeim grundvelli að um lið í auknu eftirlitshlutverki yfirlögráðenda með skipuðum lögráðamönnum sé að ræða, þykir ljóst að ekki ætti að vera þörf á slíku fyrirkomulagi, enda getur yfirlögráðandi tekið til rannsóknar aðfinnslur við störf lögráðamanns á hvaða tíma sem er, þegar þær berast. Ekki verður séð hvaða aðstæður ættu að vera upp komnar eftir fimm ára skipunartíma, sem geri það að verkum að lögráðamaður er ekki lengur hæfur til að gegna starfi lögráðamanns, sem yfirlögráðandi gæti ekki orðið áskynja um með öðrum leiðum og þá jafnvel löngu fyrr, s.s. í gegnum eftirlitshlutverk hans á grundvelli skýrsluskila eða við málsmeðferð á skriflegum aðfinnslum við störf lögráðamanns. Lagt er til að d-liður ákvæðisins verði ekki að lögum.

#### 32. gr. (sbr. og 18. gr.).

Af hálfu sýslumanns eru gerðar athugasemdir við það nýmæli að lögráðamaður svipts einstaklings, eigi að „bera ábyrgð“ á gögnum hins svipta sem pósthólf í miðlægri þjónustugátt inniheldur. Er einnig lagt til að sama heimild geti fallið undir starfssvið ráðsmanns. Mikilvægt er að hafa í huga að þegar talað er hér um lögráðamann getur það átt við lögráðamann einstaklings sem aðeins er sviptur sjálfræði; lögráðamann einstaklings sem er aðeins sviptur fjárræði og lögráðamann einstaklings sem er sviptur sjálfræði og fjárræði, þ.e. lögræði. Í stafrænt pósthólf einstaklinga berast gögn af ýmsum toga og ekki verður séð að aðgangur lögráðamanns að gögnum í pósthólfi hins svipta einstaklings/skjólstæðings ráðsmanns geti verið afmarkaður við tiltekin gögn með einhverjum hætti, s.s. að lögráðamaður fjárræðissvipts einstaklings hafi eingöngu aðgang að gögnum sem varða fjárhagsleg málefni. Einnig er alls óljóst hvað átt er við með orðalaginu „að bera



ábyrgð á gögnum“, en sem fyrr segir berast í pósthólf einstaklinga gögn sem varða hin ýmsu málefni einstaklingsins og ekki er með réttu hægt að fella yfirferð allra þeirra gagna undir starfsskyldu lögráðamanna. Þá skal á það bent að orðalag í athugasemdum með lagaákvæðinu um stöðu þess sem sviptur er sjálfræði, eða nánar tiltekið „...og ræður af þeirri ástæðu ekki lengur yfir persónulegum högum sínum“, er ekki í samræmi við gildandi lög. Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. lögræðislaga hefur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi hins sjálfræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Af orðanna hljóðan má ljóst vera að lögráðamaður sjálfræðissvipts einstaklings ræður ekki yfir persónulegum högum hins svipta, heldur tekur einungis þær ákvarðanir fyrir hans hönd, sem hann er ófær um að taka sjálfur. Sá sem er sviptur sjálfræði hefur því heimild til að taka þær ákvarðanir um sína persónulegu hagi sem hann er fær um að taka. Kann að vera tilefni til að taka þetta skýrt fram í lögunum til þess að tryggja réttarstöðu hins sjálfræðissvipta, fremur en að leiða þetta af skýringu á fyrrnefndu lagaákvæði. Lögráðamaður einstaklings sem er sviptur sjálfræði hefur því mjög afmarkað og þröngt hlutverk, sem samræmist ekki á nokkurn hátt því að „bera ábyrgð“ á gögnum sem pósthólf í miðlægri þjónustugátt innihalda.

f.h. sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu

*Ásrún E. Harðardóttir*  
Ásrún Eva Harðardóttir, fagstjóri

